

Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn 4. febrúar 2019 að Lynghálsi 2 kl. 18

Mættir Ísak Guðjónsson, Þórður Ingvason, Garðar Gunnarsson, Aðalsteinn Símonarson

Dómnefndir:

Samþykkt að leggja til að fulltrúi AKÍS í dómnefndum verði sá sami í öllum rallýkeppnum tímabilsins. Þannig skapist festa og samræmi verði í störfum dómnefndanna.

Buggy í rallý:

Virðast ekki standast öryggiskröfur s.s. veltibúr. Þurfa líka að vera með lokuðu boddýi. Rétt að leyfa umræðunni að halda áfram en beina henni inná réttar brautir, s.s. benda á hvað samræmist ekki reglum.

Reglubreytingar:

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á rallýreglum fyrir keppnistímabilið 2019. Það sem lagt er til að falli út er rauðletrað og yfirstrikað, nýr texti er bláritaður:

3.6.2. Breytingar á þátttökuumsókn eru háðar samþykki keppnisstjórnar og skal þeirra óskað áður en ~~skoðun keppnisbifreiða~~ öryggisskoðun hefst.

3.6.3. Erlendir keppendur verða að framvísa gildu alþjóðlegu keppnisskírteini. Keppnisstjórn er heimilt að samþykkja staðfestingu frá öðru ASN innan NEZ.

3.6.4. Engar breytingar má gera á þátttökuumsóknum aðrar en þær sem leyfðar eru í reglum þessum.

Aðeins má skipta um annann ökumanninn

3.6.4.1. áður en að ~~skoðun keppnisbifreiða~~ öryggisskoðun fer fram og með samþykki keppnisstjórnar.

3.6.4.2. eftir ~~skoðun á keppnisbifreiðinni~~ öryggisskoðun með samþykki dómnefndar.

~~3.6.5. Það að skipta um báða ökumenn er aðeins hægt með sérstöku leyfi frá dómnefnd keppinnar.~~

3.6.65. Keppnisaðili má þó skipta um bíl, að því tilskyldu að hinn nýi bíll sé í sama flokki og sama gengi og sá er tilgreindur er í þátttökuumsókn, fram að ~~skoðun keppnisbifreiða~~ öryggisskoðun.

3.6.76. Komi það upp við ~~skoðun keppnisbifreiða~~ öryggisskoðun fyrir keppni að keppnisbifreið sé ekki í samræmi við uppgefninn keppnisflokk á þátttökuumsókninni, skal, samkvæmt tillögu skoðunarmanna, ~~að~~ færa viðkomandi í annan keppnisflokk og/eða gengi, samkvæmt ákvörðun dómnefndar.

3.6.87. Með staðfestingu sinni á þátttökuumsókn skuldbinda keppnisaðili og keppendur sig til að hlýta í einu og öllu reglum þessum, lögbókar FIA, svo og ákvörðunum dómnefndar.

3.6.98. Keppnisstjórn áskilur sér rétt til að hafna þátttökuumsóknum eða þátttöku ökumanna án skýringar og skal það gert innan 48 klst. frá því síðasti ~~skilaskráningar~~ frestur rennur út. (samanber grein 74 lögbókar FIA).

3.6.109. Hámarksfjöldi keppenda er 80 bílar nema keppnishaldari ákveði meiri fjölda. Berist fleiri keppnisumsóknir þá munu þær valdar:

3.6.109.1. á grundvelli fyrri niðurstöðum og hvað þykir heppilegt.

3.6.109.1.1. tilnefningum til vara. Slíkar umsóknir geta komið í stað annarra sem hætta þannig að fjöldinn 80 náist. Umsóknir til vara verða númeraðar og valdar í númeraröð.

Agamál:

Talsverð umræða um aga almennt, eða öllu heldur skort á honum. Þar má nefna:

- Ástand bíla og tímasetningar á öryggisskoðun – eðlilegt að fylgja ákvæðum 21.1.1 og 21.1.2 í Rallýreglur 2018.
- Klæðnaður keppenda – menn sammála um að eðlilegt sé að gera kröfu um að keppendur séu alltaf klæddir keppnisgöllum þegar þeir aka keppnisbílum í keppni, líka til og frá næturhléum og viðgerðarhléum. AS falið að gera tillögu að reglubreytingu þess efnis.
- Slökkvitæki – er eðlilegt að skylda keppendur til að lána tæki úr sínum bíl ef aðrir keppendur eru í vanda. Skoðist betur og ákveðið í næsta fundi.
- Endurkoma inn í keppni – fara þarf yfir hvaða reglur gilda, s.s. varðandi stigagjöf.
- Aka með öryggishjálmi á ferjuleiðum - Skoðist betur og ákveðið í næsta fundi.

Ofurleið:

Talsverð umræða um fyrirkomulag stigakeppni, s.s. hvað eigi að vera löng, hvort verði að vera síðasta leið í keppni, hvort áhafnir sem komið hafa inn í keppni aftur eigi að fá stig fyrir ofurleið o.fl.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Ákveðið að halda annan fund, raun eða í síma, fyrir lok febrúar. Leggja síðan tillögur fyrir stjórn AKÍS sem fyrst í mars, eða fyrir ársþing sambandsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21.00

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson